

KJÖR FORMANNS NEYTENDASAMTAKANNA

Samkvæmt lögum Neytendasamtakanna skal kjör formanns fara fram það ár sem reglulegt þing Neytendasamtakanna er haldið. Í 12. grein laga Neytendasamtakanna segir svo um kjör formanns: „Framboð til formanns skulu berast stjórn Neytendasamtakanna eigi síðar en fyrir lok febrúar þess árs sem reglulegt þing er haldið. Framboði til formanns skulu fylgja meðmæli 25 skuldlausra félagsmanna hið fæsta en 50 skuldlausra félagsmanna hið flesta.“

Í samræmi við þetta auglýsir stjórn Neytendasamtakanna eftir framboðum til formanns Neytendasamtakanna vegna næsta kjörtímabils (2010-2012) og sem hefst frá og með þingi Neytendasamtakanna í haust. Framboðum ásamt lista yfir meðmælendur skal skilað á skrifstofur Neytendasamtakanna í Reykjavík eða á Akureyri, **eigi síðar en kl. 16:00 þann 1. mars 2010**. Einnig er hægt að senda framboð ásamt lista yfir meðmælendur í pósti og má dagsetning póststimpils ekki fara fram yfir 28. febrúar 2010.

Reykjavík 28. janúar 2010
Stjórn Neytendasamtakanna